

Borgarstjórn Reykjavíkur
17. september 2024

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks um að tryggja næringargildi gjaldfrjálsra skólamáltíða

Borgarstjórn samþykkir að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að dregið verði úr næringargildi skólamáltíða og verði það m.a. gert með því að tryggja að skólar með eldhús geti eldað matinn á staðnum.

Greinargerð

Það er þekkt staðreynd að matur tapar næringargildi sínu, bragði og áferð þegar hann er ofsoðinn, við endurupphitun eða þegar honum er haldið heitum klukkutímum saman og fluttur langar vegalengdir. Til að tryggja gæði matar og næringarinnihald ætti ávallt að elda matinn á staðnum sé þess nokkur kostur og margir skólar hafa nú þegar aðstöðu til þess. Með því að tryggja öllum börnum bestu mögulegu næringu erum við að tryggja þeim ákveðið öryggi, betri námsárangur og meiri möguleika á bjartari framtíð.